

1.2 Einkenni dysgraphíu

Orðið dysgraphía merkir erfiðleika að skrifa hugsanir sínar eða skriftarerfiðleika. Þetta hugtak er sjaldan notað og yfirleitt eiga þeir sem hafa fengið dyslexíugreiningu einnig í skriftarörðugleikum. Það virðist ekki vera eining um hvaða þættir falli undir dysgraphíu. Sumir virðast leggja áherslu á bæði erfiðleika að skrifa og stafsetja meðan aðrir fræðingar beina athyglinni einvörðungu að erfiðleikum að skrifa orðin á pappír en telja að vandamál í stafsetningu falli undir dyslexíu. Sértekir námsörðugleikar í stafsetningu kallast einnig aphasia/dysphasia.

Vísbendingar um dysgraphíu eða skriftarörðugleika geta verið:

- sérstakt frumstætt grip um blýant eða penna, sem mætti kalla lófagrip þar sem þumalfingur vísar upp
- nemandinn heldur mjög neðarlega eða ofarlega um blýant
- ef nemandinn heldur mjög neðarlega þá leggur hann höfuðið oft á borðið til að geta fylgst með blýantsoddinum
- mjög fast tak um blýantinn. Nemandinn mun þess vegna oft leggja frá sér blýantinn og hrista höndina til að losna við verki
- nemendur skrifa stundum upphaf og endi orða á sérstakan hátt
- nemendur eiga í erfiðleikum með að halda orðum á láréttri línu þ.e. skrifa beint
- sérstök nýting blaðsíðurýmis, ýmist getur verið langt á milli orða á blaðsíðu eða þeim raðað þétt saman
- spássíur eru oft hundsaðar þó það sé merkt fyrir þeim
- nemendurnir hafa átt í miklum erfiðleikum að læra „bogadregna skrift“.

Þeir rugla saman stöfum sem eru líkir í útliti eins og n og m, f og b, v og u. Þeir eiga líka í erfiðleikum með að muna hvernig á að skrifa hástafina (Symptoms of Dyslexia, 1998).

Ofangreind einkenni eiga sérstaklega við börn á grunnskólaaldri en margt á enn við framhaldsskólanemendur.

Margir telja að orsakir dysgraphíu séu vandamál með samhæfingu sjónar og hreyfingar. Aðrir telja að rannsóknir á starfsemi heilans hafi ekki stutt þá skoðun að sjónrænir þættir séu að baki örðugleikanna. Orsakir dysgraphíu eru því taldir vera erfiðleikar með raðvinnslu. Það sem virðist vera sjónrænt túlkunarvandamál eins og að snúa við stöfum, breyting á stafa- eða orðaröð og óskiljanleg skrift er frekar talið orsakast af erfiðleikum með raðvinnslu eða raðskipan upplýsinga, þ.e. að meðtaka og að raða upp í rökrétta röð. Með öðrum orðum: ef nemendur eiga erfitt með að raðvinna og skipuleggja grundvallaratriði í upplýsingum þá eiga þeir oft í erfiðleikum með að skrifa orð í réttri röð. Það leiðir til þess að nemendur þurfa að skrifa hægar til að skrifa rétt. Skrift verður sjaldnast vélræn eða ómeðvituð. Stafsetningarvillur eru algengar, þeir sleppa kommu og punktum o.frv. Þegar nemendur skrifa hægt og eru uppteknir af tæknilegum þáttum skriftarinnar er hætt á að þeir missi tökin á viðfangsefninu sem þeir eru að skrifa um.

Nemendur sem eiga í erfiðleikum með sjónræna úrvinnslu geta átt í erfiðleikum með skriftarhraða og skrift þeirra verið ólæsileg. Það er vegna þess að þeir geta ekki ferlað eða tekið á móti og unnið úr þeim sjónrænu áreitum sem þeir sjálfir eru að setja á blað.

Nemendur geta einnig átt erfitt með að greina að hljóð (fónem) eða smæstu einingar tungumálsins. Hljóðvillur eru þá algengar í réttitun eins og að greina ekki að lík hljóð eins og b og d eða k og g, v og f. Erfitt getur einnig verið að greina á milli einfaldrá og tvöfaldrá samhljóða. Í þessum tilfellum getur verið um annmarka í hljóðrænni úrvinnslu að ræða. Það er mismunandi hvort réttitun nemenda endurspeglar, vandamál í hljóðrænni eða sjónrænni úrvinnslu eða hvoru tveggja. Greining, t.d. á Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands, sker yfirleitt úr því (sjá kafla um greiningu).

Það sem nemandi í framhaldsskóla getur gert:

1. Byrja á að lýsa hugsunum sínum í grófum dráttum. Það er mjög þýðingarmikið að skrá meginhugmyndir án þess að þurfa að hugsa um stafsetningu, lengd setninga, punkta og kommur. Reyna að skrifa aðeins eitt lykilhugtak fyrir hverja málsgrein, fylla svo upp með smáatriðum seinna.
2. Teikna mynd af þeim hugmyndum sem eiga að koma fram í hverri málsgrein.
3. Tala hugmyndir sínar inn á hljóðsnældu, hlustað og skráð síðar.
4. Æfa sig á lyklaborðinu. Það er erfitt að byrja með en þegar fólk hefur lært staðsetningu stafanna verður það auðveldara. Það er hægt að ná meiri hraða og öryggi á lyklaborðinu en með því að handskrifa.
5. Nota tölvu við verkefnavinnu. Skipuleggðja vel og gæta að stafsetningarvillum. Hægt er að nota leiðréttingarforrit sem eru þó ófullkomin. Einnig er auðveldara og minni vinna að lagfæra verkefni í tölvunni.

6. 6. Halda samt áfram að æfa sig í skrift. Handskrift kemur ekki til að hverfa þó mest sé unnið á tölvum. Með því að æfa sig batnar skriftin.
7. 7. Ágætt er að tala við sjálfan sig um leið og skrifað er eða samið. Þá heyrir fólk einnig hugmyndir sínar en sér þær ekki eingöngu á blaði (Crouse, Scott, Dysgraphia).

Framvegis mun ég í þessum skrifum nota hugtakið dyslexía þannig að það merki einnig dysgraphía.

© Elín Vilhelmsdóttir